

46. fundur

18. september 2014

1201046SA SBG

Málalykill: 502

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 18. september 2014 kl. 10:00.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Anna Lilja Magnúsdóttir og Laufey Gissurardóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Inga Rún Ólafsdóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

1. Launaröðun forstöðuþroskaþjálfara sbr. 2 liður í fundargerð 43. fundar frá 30. mars s.l.:

Aðilar eru sammála um að gera könnun á framkvæmd greinar 1.5.3 í kjarasamningi aðila með sambærilegum hætti og gert var eftir kjarasamninga 2011.

Niðurstaða:

SNS mun senda ÞÍ spurningalista frá síðustu könnun og senda ÞÍ fyrir miðja næstu viku. Stefnt er að því að senda út könnunina fyrir mánaðarmót.

2. Launaröðun ráðgjafaþroskaþjálfara í Hafnafjarðarkaupstað og í Mosfellsbæ framhald frá síðasta fundi:

Ráðgjafaþroskaþjálfar telja starfaskilgreiningu umsjónarþroskaþjálfara 1 eiga við um störf sín.

Niðurstaða:

SNS leitar eftir afstöðu hlutaðeigandi sveitarfélaga um erindið.

3. Viðræðuáætlun vegna næstu kjarasamninga:

Málið er í vinnslu.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 10:56